

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem eru notaðar til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að þrjátíu mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 391

23. október 1992

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 81. gr. laga nr. 50/1987, og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Bæjarbraut frá Arnarnesvegi að Karlabraut verði 50 km/klst.

Breytingin tekur gildi 15. nóvember 1992.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, 23. október 1992.

Guðmundur Sophusson.

Nr. 392

4. nóvember 1992

AUGLÝSING

um (3.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 1,80% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, sbr. breytingu með auglýsingu nr. 223 21. maí 1991 og 371 1. ágúst 1991.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1992.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.